

1. Öll mín bestu ár

Skemmtanalífið á árunum 1966-1979: Dansleikir, útihátíðir, skólaskemmtanir, tískusýningar, uppákomur, barnaskemmtanir, hljómléikar, fegurðar- og hæfileikasamkeppnir og aðrir viðburðir víða um land.

Ljósmyndir: *Kristinn Benediktsson*

Texti: *Stefán Halldórsson*

2. Þessi kona á tíunda tugnum: í máli og myndum

Guðríður Bjargey Helgadóttir er fædd 1921 í Núpsöxl á Laxárdal. Hún dvelur nú á Sauðárkróki. Guðríður hefur saumað út myndir af landslagi og vættum í umhverfi sínu og myndir af þessum listaverkum hennar má finna í bókum hennar auk ljóða, blaðgreina og minninga. Guðríður hefur gefið út 2 bækur: Þessi kona 2010 og Þessi kona á tíunda áratugnum 2015.

Höfundur: *Guðríður B. Helgadóttir*

3. Þarmar með sjarma

Vísindamenn eru að átta sig á því að það sem gerist í meltingarveginum getur skipt máli varðandi fjölmarga þætti í lífi okkar, allt frá offitu og ofnæmi til þunglyndis.

Höfundur: *Giulia Enders*

4. Saga Þorlákshafnar

Það var árið 2001 sem ákveðið var að fá Björn Pálsson, þá héraðsskjalavörð Ármessýslu, til að skrifa sögu Þorlákshafnar frá árinu 1930 til 1990. Fjölskyldumyndir eru af nær öllum þeim sem þar höfðu tekið sér búsetu fyrir árið 1971 og teljast því frumbyggjar Þorlákshafnar.

Höfundur: *Björn Pálsson*

5. Ítalskir skór

Fjallar um lækni sem gerir mistök. Fjallar í raun um að passa í skóna sína.

Bókin hefur ekki verið þýdd á íslensku. Hægt er að nálgast hana á Bókasafni Norræna hússins.

Höfundur: *Henning Mankell*

6. Sænsk gúmmístígvél

Bókin hefur ekki verið þýdd á íslensku. Hægt er að nálgast hana á Bókasafni Norræna hússins.

Höfundur: *Henning Mankell*

7. Og svo tjöllum við okkur í rallið – bókin um Thor

Sonur Thors, Guðmundur Andri, hefur valið ljósmyndir úr fórum Thors til þess að minnast hann.

Fallega skrifuð og óvenjuleg ævisaga sem hrífur mann.

Höfundur: *Guðmundur Andri Thorsson*

8. Sagan um Hjalta litla

Sígild og góð barnabók

Höfundur: *Stefán Jónsson*

9. Konan við 1000°

Bókin fjallar um Herbjörgu Maríu, sonardóttir Sveins Björnssonar fyrsta forseta Lýðveldisins Íslands. Það er ekki hægt að kalla þetta skáldaða ævisögu heldur miklu fremur skáldsögu þar sem höfundur tekur sér ótæpilegt skáldaleyfi og langt frá því allt sé rétt og satt sem birtist á síðum bókarinnar. Bókin er umdeild. Hún var tilnefnd til verðlauna: Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2011 og til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir árið 2012.

Höfundur: *Hallgrímur Helgason*

10. Stóri skjálfti

Bókin fjallar um flogaveika konu og sagan er um leið fjölskyldusaga. Auður segir mjög skemmtilega frá og er frábær stílisti. Sögð ein besta bók höfundar og besta bók ársins (2015.)

Höfundur: *Auður Jónsdóttir*

11. Fjallkonan

Sextug kona, Ríkey, sem búið hefur í útlöndum lungann úr ævinni kemur heim í dalinn þar sem hún er fædd og uppalin til að fylgja móður sinni til grafar. Við heimkomuna hellast yfir konuna minningar úr bernskunni. Minningar flettast inn í ævintýralegt lífshlaup Ríkeyjar.

Höfundur: *Ingibjörg Hjartardóttir*

12. Amma biður að heilsa

Bókin fjallar um litla klára stelpu sem býr í blokk og á ömmu sem á við geðræn vandamál að stríða. Bókin er vel skrifuð en er alls ekki eins skemmtileg og bókin *Maður sem heitir Ove* eftir sama höfund. Um það eru reyndar skiptar skoðanir eins og gengur og gerist.

Höfundur: *Fredrik Backman*

13. Afleggjarinn

Ungur maður fer út í heim þar sem hann tekst á við framandi aðstæður og óvænt föðurhlutverk. Sagan hlaut Menningarverðlaun DV 2008, Fjöruverðlaunin og Bókmenntaverðlaun kvenna. Bókin fékk góða dóma.

Höfundur: *Auður Ava Ólafsdóttir*

14. Gildran

Fjallar um Sonju sem hefur lent í erfiðum skilnaði og fær ekki að sjá drenginn sinn, Tómas, nema þegar pabbanum sýnist svo. Hún leiðist út í eiturlyfjasmygl og er afar séð í þeim efnunum. Fyrir ágóðann, sem hún fær fyrir að smygla inn eiturlyfjum, ætlar hún að búa syni sínum gott heimili. En glöggur tollvörður gefur Sonju gaum. Sagan er mjög spennandi og vel skrifuð.

Höfundur: *Lilja Sigurðardóttir*

15. Haltu ró þinni

Titill bókarinnar er afar lýsandi. Bókin inniheldur stuttar setningar um hvernig maður á að halda ró sinni þegar stressið lætur á sér kræla.

Höfundur: *Jenny Kempe*

16. Mörk – saga mömmu

Bókin fjallar um kynferðislegt ofbeldi sem Guðbjörg Þórisdóttir, fyrrum skólustjóri, varð fyrir sem barn. Leyndarmálið hefur fylgt henni eins og skuggi alla ævi þar til að hún ákveður að segja sögu sína. Dóttir hennar, Þóra Karitas, skrásetur. Þetta er fyrsta bók höfundar og henni hefur tekist vel til.
Höfundur: *Þóra Karitas Árnadóttir*

17. Ástin, drekinn og dauðinn

Frásögn af því þegar eiginmaður höfundar greinist með krabbamein og deyr. Hvernig þau hjón takast á við verkefnið af æðruleysi. Bókin er afar vel skrifuð og lýsir vel innri baráttu konunnar sem missir manninn sem hún elskar. Hún segir líka frá fyrsta árinu sem hún varð ekkja.
Höfundur: *Vilborg Davíðsdóttir*

18. Vegir vindsins

Elísa gengur Jakobsveginn og lýsir skrautlegum pílgrímum sem verða á vegi hennar og kemst að því að það er nauðsynlegt að vera sátt við sjálfa sig og treysta á sjálfa sig.
Höfundur: *Ása Marín*

19. Eitthvað á stærð við alheiminn

Höfundur lýkur hér ættarsögunni sem hefst í bókinni *Fiskar hafa enga fætur* (2013.)
Höfundur: *Jón Kalmann Stefánsson*

20. Sjóveikur í München

Hallgrímur hefur sérstakan stíl og húmor fyrir sjálfum sér og öðrum. Hann ákveður að hætta í Myndlista- og handíðaskólanum og fara til Þýskalands og stunda myndlistanáms þar. Hann hafnar í München og dvöl hans þar reynist honum erfið. Hann er fjarri heimahögunum og er að kljást við ýmsar tilfinningar sem bærast innra með honum.
Höfundur: *Hallgrímur Helgason*

21. Captain Corelli's Mandolin

Saga eftir breskan höfund sem gerist í seinni heimstyrjöldinni. Bandalag Ítala og Þjóðverja gera innrás á grísku eyjuna Cephallonia. Þetta er söguleg skáldsaga sem hefur verið kvikmynduð.
Höfundur: *Louis de Bernière*

22. Bird without wings

Þetta er rómantísk saga eftir saman höfund og skrifaði Corelli's Mandolin og er sögð afar góð. Hún gerist í Tyrkland.
Höfundur: *Louis de Bernière*

23. Dagar handan við dægrin

Minningarbrot frá bernskuárum höfundar á Sauðárkróki. Vel skrifuð bók og skemmtileg - um mannlífið á Króknum á 6. og 7. áratugnum. Sölvi er fæddur 1950.
Höfundur: *Sölvi Sveinsson*

24. The Churchill Factor

Höfundurinn bókarinnar er fæddur 1964 og er pólitíkus, sagnfræðingur og blaðamaður en hefur gengt embætti borgarstjóra Lundúnaborgar síðan 2008. Bókin varpar ljósi á hversu gífurleg áhrif Churchill hafði á veraldarsöguna. Tugir bóka hafa verið skrifaðar um Churchill en sagt er að þessi sé öðruvísi – stíll höfundar þykir sérstakur.

Höfundur: *Boris Johnson*

25. Þegar siðmenningin fór fjandans til

Fjallar um fyrri heimstyrjöldina á árunum 1914–1918. Þarna átti sér stað mikil villimennska. Um 400 hermenn sem fæddir voru á Íslandi börðust í skotgröfum í Vestur-Evrópu. Stríðið hafið gífurleg áhrif á líf og kjör Íslendinga, stjórnmal og sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Heimildir eru sóttar í íslensk dagblöð, sendibréf, skáldverk og fleiri íslenskar heimildir. Höfundurinn er sagnfræðingur og prýðis góður penni.

Höfundur: *Gunnar Þór Bjarnason*

26. Yfir farinn veg með Bobby Fischer

Bókatitillinn lofar strax góðu. Í bókinni er sagt frá þessum umdeilda snillingi, uppvexti hans í Brooklyn, ævi hans og banalegu á Íslandi. Bókin er skrifuð af einum besta vini hans sem bregður upp allt annarri mynd af kempunni, Bobby, en við höfum haft hingað til. Garðar er mjög ritfær maður og gæskan uppmáluð.

Höfundur: *Garðar Sverrisson*

27. Eftirköstin

Bók um eftirstríðsárin. Bretar fóru til þýskrar borgar til að hjálpa til við að byggja upp borgina sem þeir höfðu sjálfir lagt í rúst í stríðinu. Höfundur byggir á heimildum afa síns sem flutti með fjölskyldu sína til Hamborgar og bjó þar í hernumdu húsi á meðan á verkefninu stóð. Bókin hefur farið sigurför um allan heim. Brook er breskur, fæddur 1964 og er margverðlaunaður höfundur.

Höfundur: *Rhidian Brook*

Þýðandi: *Guðrún Eva Mínevrudóttir*